



BYGGINGARFULLTRÚINN TÁLKNAFIRÐI

## Umsókn um stöðuleyfi

### 1. Umsækjandi / eigandi

Nafn	Kennitala	Heimilisfang

### 2. Greiðandi

Nafn	Kennitala	Póstnr. Heimilisfang

### 3. Lóð og staðsetning (afstöðu- eða grunnmynd sem sýnir staðsetningu og fjölda skal fylgja með)

Heiti	Nr.	Staðgreinir	Starfsemi

### 4. Sótt er um stöðuleyfi fyrir:

- Gámur
- Bátur
- Torgsöluhús
- Bifreið/rúta/húsbíll/hjólhýsi/fellihýsi/tjaldvagn
- Annað: \_\_\_\_\_

### 5. Tímabil stöðuleyfis (hámark 12 mán.)

Dags frá:	Dags til:
-----------	-----------

### 6. Skýring (ástæða umsóknar og annað sem umsækjandi vill koma á framfæri við afgreiðslu málsins)

---

---

---

Dags:

Undirskrift umsækjanda

## Leiðbeiningar til umsækjenda

Tálknafjarðarhreppur leitast við að uppfylla þarfir einstaklinga og fyrirtækja samhliða því að skapa góða umgengni og ásýnd innan Tálknafjarðar. Reynslan sýnir að aðstæður og þarfir umsækjenda eru mjög misjafnar og mikilvægt að staðsetning þessara hluta ógni ekki öryggi þeirra sem um svæðið fara, valdi ekki umhverfinu skaða og skapi sjónmengun.

### Almennt um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar:

Stöðuleyfi felst í að staðsetja hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar á tilteknum stað í tiltekinn tíma þó mest í eitt ár í senn. Heimilt er að óska eftir framlengingu í allt að eitt ár. Umsækjenda ber að boða byggingarfulltrúa til úttektar við staðsetningu og að loknum frágangi. Byggingarfulltrúi getur krafist úrbóta telji hann þess þörf. Kostnaður af úrbótum fellur á umsækjanda/lóðarhafa

### Með vísan í byggingarreglugerð 112/2012 um stöðuleyfi

#### 2.6.1. gr. Umsókn um stöðuleyfi

Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda til að láta eftirfarandi lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna:

- a) Hjólhýsi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.
- b) Gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld.

Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar og skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausafjarmunirnir standi á. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis. Með umsókn skulu fylgja uppdrættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjarmunanna.

Lausafjarmuni skal staðsetja þannig að almenningi stafi ekki hættu af og ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað.

Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hættu vegna lausafjarmuna og er leyfisveitanda heimilt að krefja eiganda um gögn og rökstuðning þar að lútandi. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjarmuni sem falla undir þessa grein uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði laga um fráveitur og laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.

Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

#### 2.6.2. gr. Heimild leyfisveitanda til að fjarlægja lausafjarmuni.

Þegar lausafjarmunir sem getið er um í 2.6.1. gr. eru staðsettir án stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Þegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í 2.6.1. gr. eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja hann um úrbætur innan hæfilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar. Verði viðkomandi ekki við þeim kröfum skal leyfisveitandi krefjast þess að lausafjarmunirnir verði fjarlægðir innan hæfilegs frests, að öðrum kosti verði það gert á kostnað handhafa stöðuleyfis.

### Aðgerðir til að knýja fram úrbætur

Sinni aðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt.